

Mál nr. 202/2007

M og

Vátryggingafélagið V-1 v. A og

Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Karlabraut við Vífilsstaðaveg þ. 4.9.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.10.2007 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.742/2007.
3. Lögregluskýrsla dags. 5.9.2007
4. Bréf V-2 dags. 12.10.2007
5. Bréf V-1 dags. 3.11.2007.

Málsatvik.

B var ekið norður Karlabraut og A var ekið suður Karlabraut. Árekstur varð með bifreiðunum á akrein ætlaðri umferð norðurs. Vegna vegavinnu var akrein til suðurs lokuð á nokkuð löngum kafla. Ökumönnum ber saman um að bifreiðarnar hafi mæst á gangbraut og árekstur hafi orðið þar. Ökumaður A segist hafa ekið yfir á rangan vegarhelming á eftir öðrum bifreiðum vegna þrengingar á veginum. Ökumaður A segist hafa séð B koma á móti sér og talið plássið of lítið fyrir bifreiðarnar að mætast og því stöðvað A og A verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Ökumaður B segist hafa vikið til hægri og B að hluta utan vegar þegar árekstur varð. Ökumaður B segist ekki hafa orðið vör við að bifreiðarnar rækjust saman. Á vettvangi gaf sig fram maður sem sagðist halda að A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð en gat þó ekki fullýrt það.

Álit.

Þegar tekið er mið af öllum gögnum málsins og atvikum öllum og þeim aðstæðum sem voru fyrir hendi þegar árekstur varð verður ekki séð að sök verði lögð á annan ökumann umfram hinn. Hvor aðili ber því helming tjónsins.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming tjónsins

Reykjavík 23.11. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.